

Gullöld atvinnuleysisins

Ívar Jónsson og
Sonja Jónsdóttir þýddu.

Sautján milljónir manna í iðnvæddu löndunum eru nú atvinnulausar. Í Danmörku, Belgíu, Írlandi og mörgum öðrum löndum eru atvinnuleysistölurnar nú sambærilegar við þær frá þriðja áratug aldarinnar.

Launþegahreyfingin verður fyrir djúpstæðum gernýtingaraðferðum innan sífellt fleiri atvinnugreina. Mannmörg fyrirtæki loka og í staðinn rísa upp sjálfvirk fyrirtæki með fáa starfsmenn.

Í nýju fyrirtæki „De Forenede Bryggerier's“ í Fredericia sparar ný tækni 550 starfsmenn (færri en 150 starfsmenn geta þar annað framleiðslu sem krefst 700 í ölgerðarhúsum Kaupmannahafnar).

Innan prentiðnaðarinnar hafa skermar gert vinnu prentaranna algerlega óþarfa, hún er einfaldlega sögulega úrelt iðn. Á komandi árum munum við reyna svipaða þróun í ýmsum greinum. Númerískt stýrðir rennibekkir geta gert faglærða vélsmiðinn óþarfan. Örtölv-

urnar munu geta gert skrifstofuvinnuna alsjálfvirka, þannig að milljónum starfsmanna í þjónustugreinum verður ofaukið.

Kapítalíska skipulagið notar tækniþróunina til að skapa „samfélag atvinnuleysisins“. Þess í stað er launþegahreyfingunni og hinum sósíalísku öflum nú mikilvægt að skapa samfélag þar sem tæknin getur mönnum tíma til að lifa og lífsfyllingu.

Fyrir meira en 150 árum sögðu fyrstu ensku þjóðhagfræðingarnir fyrir um komandi gullöld, þá myndu vélarnar frelsa mennina. Nú er við stöndum á þröskuldi þeirrar aldar, skiljum við slík loforð aðeins sem ógnanir.

Í stað þess að vera frelsuð frá vinnunni, eigum við á hættu að verða rænd henni.

Um þetta efni fjallar franski sósíalístin André Gorz í eftirfarandi grein, sem sótt er í „Le Nouvel Observateur“ (4. des. 1978).

Vélmennin koma í hópum. Verkafólkið getur setið heima, en hvað á það að hafa fyrir stafni?

Fjórði hlutinn af samsetningar-iðnaðarmönnum Toyota bifreiðaverksmiðjunnar í Japan vikur nú fyrir „vélmennum“, sjálfvirkum samsetningarvélum. Vélmenni, sem starfa á við 30 verkamenn, hafa verið tekin í þjónustu Citroën í Aulnay-sous-Bois og setja saman Citroën CX. Í sömu verksmiðju sitja 5 forskrifarar við eitt stjórnborð og leysa 50 vörubifreiðastjóra af hólmi. Lager verksmiðjunnar er sjálfvirkur og vörubifreiðarnar sem sækja og flytja bifreiðahlutana eru tölvustýrðar.

Hjá IBM setur alsjáandi vélmenni saman átta ritvélar á 45 sekúndum. Í úraiðnaðinum hverfur skífuúrið sem er samsett af 100 einingum fyrir raf-eindaúri, sem samanstandur af aðeins fjórum einingum. Starfsmönnum hefur fækkað um helming á ör-

fáum árum og fínsamsetningarfólk (finmontørerne) er horfið af samsetningarverkstæðunum.

Í prentsmiðjunum raða rafeindavélar saman 8 milljónum tákna á sama tíma og vél af eldri gerð gat í besta falli lokið 25 þúsund.


Ef einhver heldur að þrátt fyrir allt, séu not fyrir heilmarga vélvirkja, samsetningarfólk, rafvirkja og teiknara við að framleiða nýju vélmennin og nýju sjálfvirku vélarnar, þá skjáttast honum hrapallega. Í Japan þar sem nú þegar starfa yfir 70 000 vélmenni er hönnun alsjálfvirkir verksmiðju sem mun framleiða sjálfvirkar samsetningarvélar komin á lokastig.

Teiknararnir sjálfir vikja smátt og smátt fyrir „potters“ eða teiknivélum, sem hver um sig vinnur á við 25—30 teiknara.

„Sú iðngrein er vandfundin sem ekki hefur tilhneigingu til að fækka störfum“, mátti lesa nýlega í Financial Times. Battelle-stofnunin í Frankfurt upplýsti eftirfarandi með tilvísun til rannsóknar á áætlunum iðnfyrirtækja í sambandsríkinu Baden-Wurtemberg: Hinar sjálfvirku

vélar gera það að verkum, að hægt er að losa framleiðsluna við 30% af verkafólkinu, þ.e.a.s. 13% af starfsmönnum venjulegs fyrirtækis. Innleiðing samsetningarvélmenna hefur enn meiri áhrif; 80—90% verkafólks, þ.e. 50—60% af núverandi heildarmannafla mun geta setið heima. En hvað um millistéttirnar (funktionære)? Hefur þeim ekki fjölgað svo á síðustu 20 árum að þær eru orðnar mikilvægasti hluti starfandi fólks hvað fjölda snertir. Enn halda margir hagfræðingar því fram að fjölgun í „þriðja geiranum“ (þjónustugeiranum) sé jafn mikil eða meiri en fækkun verkafólks. En þeim skjáttast. Allar nýrri athuganir og rannsóknir opinberra aðila jafnt sem einkaaðila á „örtölvubyltingunni“ sýna, að vegna sjálfvirkinnar mun skrifstofufólki fækka a.m.k. jafn mikið og verkafólki.

Nákvæmasta rannsóknin á aukinni sjálfvirkni skrifstofustarfa var unnin á vegum Siemens-hringsins í nóvember 1976. Í þessari rannsókn, sem bar heitið „Project Kontor 1990“, var metin þýðing örtölvunnar (fram til 1990) fyrir skrifstofuvinnuna



„Greinalager“ og skjalasafn dagblaðsins Times. Hver og einn af kössunum fjórum hefur að geyma milljarða eininga.

í stórum verslunarfyrtækjum, opinberri þjónustu ásamt stórum, meðalstórum og smáum fyrtækjum og fyrir óháðan rekstur einstaklinga.

Niðurstöður Siemens: 25—30% af skrifstofustörfum er hægt að gera sjálfvirk. Þannig má t.d. þakka sjálfvirkum ritvélum sem Siemens er að hanna, að af 2 milljónum þýska skrifstofustúlkna, sem ár hvert vérlita 4,4 milljarða blaðsíðna, munu 40% reynast óþarfar. Niðurstaðan er 32% sparnaður.

„Breytingarnar verða áhrifamiklar og nauðsynlegar réttlætningar þeirra eiga eftir að valda alvarlegum erfiðleikum,“ fullyrkti einn af aðstoðarfrankvæmdastjórum Siemens um þýðingu örtölvunnar.

Englendingurinn Alex Agapeyeff, framkvæmdastjóri eins stærsta örtölvufyrirtækis veraldar sagði horfurnar vera þessar: Á næstu þremur árum mun störfum fækka um eina milljón í enskum iðnaði og 1,25 milljón í þjónustugreinum. Auk þess munu þrjár milljónir enskra launþega neyðast til að skipta um atvinnu.

Hér er ekki um sérstaklega svart-sýnt mat að ræða. Skýrsla sem var unnin fyrir enska iðnaðarráðuneytið á vegum háskólans í Sussex, spáir því að örtölvun muni gera 4—5 milljónir Englendinga atvinnulausa fram til 1990 — ef viðhorfum manna til þess hvernig skipta skal vinnunni milli manna og lengdar vinnutímans breytast ekki verulega. Þýski rannsóknarráðherrann Volker Hauff, fullyrkti nýlega í v-þýska Ríkisráðinu, að „örtölvubyltingin muni snerta 40—50% starfandi einstaklinga“. Við annað tækifæri var Hauff ná-

kvæmari: „Minniseining í tölvu sem kostaði 20 000 franka fyrir 15 árum kostar nú aðeins 200; innan 10 eða 20 ára mun hún ekki kosta meira en 2 franka. Það er ekki erfitt að sjá fyrir möguleikana á hagræðingu skrifstofustarfa í kjölfar þessarar þróunar. Með tilliti til uppsagna munu afleiðingarnar verða hörmulegar“.


En áhugaverðustu framtíðarrannsóknirnar (sem við komum nánar að síðar) eru þær sem svissneska þróunarstofnunin í Basel hefur gert fyrir fjármálaráðherrann í Baden-Wuerttemberg. Samkvæmt þeim gæti örtölvubyltingin leitt til atvinnuleysis 4 milljóna Þjóðverja fyrir 1990 — nema þróunarlíkanið og markmið fyrirtækja ráðist af nýjum viðhorfum eða jafnvel nýjum rökum.

Allar þessar rannsóknir, frá ýmsum löndum, ganga í berhögð við þau sjónarmið sem franska ríkisstjórnin heldur á lofti. Samkvæmt frönsku ríkisstjórninni mun ný efnahagslegur uppgangur raunverulega gleypa atvinnuleysið; þeir sem vilja stytta vinnutímann „verða einungis að almennu aðhláturs-efni“, fullyrðir Raymond Barre. Þróun hins nýja útflutningsiðnaðar mun að því er stjórnálamennirnir segja, veita „hundruðum þúsunda manna“ atvinnu.


Staðreyndir hrúgast upp sem vísa þessum spádómum á bug. Samkvæmt opinberum spám munu 100 000 ný störf skapast í fjarskiptaiðnaðinum á tímabilinu 1973—1980. Ætlunin var jú að fjárfesta 100 milljarða franka í þessum greinum. Í raunveruleikanum varð þetta allt öðru vísi: 3000 ný störf sköpuðust en ekki 100 000 og í fjarskiptaiðnaðinum er fyrirsjáanlegt að 15 000 mönnum verði sagt upp 1979.

Þetta er ekkert einsdæmi. Á öld sjálfvirkinnar er hagvöxturinn hættur að skapa ný störf. Hann er reyndar oft bein orsök þess að vinnustaðir eru lagðir niður. Staðreyndin er sú að flest iðnfyrirtæki geta framleitt meira á sama tíma og þau fækka starfsfólki. Í Þýskalandi (sams konar tölur eru ekki til um Frakkland) er markmið nær helmingis allra fjárfestinga í iðnaðinum (46%) „að draga úr vinnuafslotkun“.

Við stöndum á tímamotum. Sá tími er á enda runninn er mannleg vinna



Frá blaðamannaskrifstofum Times. Skermur og stjórnborð fyrir „direct input“. Blaðamennirnir geta sett, leiðrétt og brotið um texta sinn á stjórnborðinu. Fagfélag prentara NGA krefst þess, að setjarar starfi við þessi stjórnborð. Blaðamennirnir styðja þessa kröfu, því þeir óttast að nýja tæknin muni að lokum gera þá sjálfa óþarfa.



Tafla yfir framleiðsluaukningu (svartar súlur) og breytingu á fjölda starfsfólks (hvítar súlur) í ýmsum iðngreinum í Frakklandi 1976—77. Nr. 1 frá vinstri er málmíðnaðurinn (0,9% framleiðsluaukning, 1,6% færri starfsfólk. Nr. 10 frá vinstri er prentiðnaðurinn (5,8% framleiðsluaukning, 0,8% færri starfsfólk).

var uppspretta alls auðs. Eftir 25 ára þroskaskeið er þriðja iðnbyltingin nú hafin. Hún lofar — eða hótar, allt eftir hvaða sjónarhól maður velur — að hún nái til sviða (einkum menntunar- og heilbrigðissviðanna) sem áður voru ósnortin af iðnvæðingunni. Hún slítur samband framleiðsluaukningar og aukinna atvinnutækifæra. Hún verður einni trúarkreddu keynesiskrar efnahagsstefnu til skammar; nefnilega þeirri að auknar fjárfestingar dragi úr atvinnuleysi.

Það er ekki lengur unnið til að framleiða, nú er framleitt til að vinna . . . Slík rök leiða okkur út í efnahagskerfi hernaðarins og stríðið sjálft.

Keynes dó og með honum stjórn-málafestfan „atvinnu handa öllum“. Þær spurningar sem nú vakna eru: **Færir þriðja iðnbyltingin okkur samfélag atvinnuleysis eða frí-stunda? Frelsar hún manninn frá slítandi vinnu eða stuðlar hún að aukinni eyms með því að þvinga hann til iðjuleysis? Leiðir hún af sér gullöld, þar sem við vinnum minna og minna um leið og við höfum æ meira handa á milli eða gerir hún suma atvinnulausa meðan fárra er þörf til að framleiða otnótt?**

Þetta vandamál gerir vart við sig í öllum iðnríkjunum. Í Belgíu, Þýskalandi, Ítalíu, Bretlandi og Bandaríkjunum er á dagskrá hægfara stytting vinnuvikunnar í 30, 35 eða 36 tíma (án launalækkunar að sjálfsgöðu) — eða er þegar orðin staðreynd. Að vinna minna og framleiða um leið meira, að jafna betur niður ávöxtum tækni framfaranna, að skapa nýtt jafnvægi milli vinnuskyldu og þess tíma sem fólk ræður sjálft, og að gera öllum kleift að lifa þægilegu lífi og vinna innihaldsríkari störf — eru nýjar kröfur félagslegrar og stjórnmálalegrar baráttu.

Í Frakklandi eru þeir enn kallaðir lýðskrumarar sem halda því fram að hægt sé að afla meiri tekna um leið og unnið er minna. Hægrimmenn (og meira að segja vinstrimmenn endrum og eins) fullyrða að **annað hvort** sé þetta hægt **eða** hitt. Þó hefur sýnt sig í marga áratugi að þetta tvennt getur haldist í hendur.

Í Þýskalandi (sambærilegar upplýsingar eru ekki til um Frakkland) jókst hagvöxturinn hratt eftir 1950 en hafði verið hægur og ójafn í 75 ár. Á tuttugu og fimm árum jókst kaupmáttur hvers íbúa fjórfalt; samtímis stýttist vinnutíminn um 23%.

Framtíðin ætti að geta borið enn betri árangur í skauti sér. Um leið og sjálfvirknin gerir meiri framleiðslu mögulega á færri vinnustundum, hverfur þörfin fyrir framleiðniaukningu. Þörfin fyrir vöxtinn verður vafasöm á mörgum sviðum þar sem framleiðnistigið ber nú þegar merki

hræfnaskorts og eyðingu náttúrugæða.


Auðvitað má benda á að í mörgum heimshlutum ríkir enn fátækt og reyndar eyms í nútíma samfélögum. Mörg heimili ráða ekki yfir nútíma þægindum. Þess vegna má fullyrða að framleiðsluaukning sé nauðsynleg til að hægt sé að útrýma félagslegu misrétti og bæta lífskjörin almennt. Því er gjarnan sagt að bættum kaupmætti muni fylgja gróska í neysluvöruiðnaðinum sem óðara muni skapa ólíkustu atvinnutækifæri innan þess iðnaðar.

Þótt þessi keynesíönsku rök virðist sannfærandi þegar til skamms tíma er litið, reynast þau bábilja ein þegar til lengri tíma er litið. Í raunveruleikanum er þörfunum í stórum dráttum svarað fyrir næstum alla þá iðnframleiðslu sem verið hefur forsenda 25 ára þensluskeiðs. Þörfum 85—90% heimila fyrir eldaveðlar hefur verið svarað. Bifreiðaeignin nálgast bandaríska stigið. Minna þekkt staðreynd er að hún er minni í stórborgunum. Það stafar ekki af meiri fátækt, heldur eru bílastæða- og umferðavandamálín svo mikil að almenningsvagnakerfið sýnir augljósa yfirburði og nýtur því æ meiri hylli.

Markaðurinn fyrir bifreiðar og önnur velferðarhnoss er að mestu „skiptamarkaður“. Eða með öðrum orðum, markmið framleiðslunnar er f.o.f. að skipti á notuðum bílum eigi sér stað, en ekki að tryggja þeim heimilum bifreiðar sem ekki hafa þegar eignast þær.

Þessar staðreyndir varpa ljósi á fyrirbæri sem neytendasamtökin hafa þrífaldlega bent á, þ.e. minnkandi endingartíma varningsins. Þar eð skiptamarkaðurinn er helsti möguleiki framleiðendanna til að losna við afurðir sínar er eina leið þeirra til að selja meira að þvinga neytendur til þess að skipta hlutunum með stöðugt minna millibili. Með þetta markmið í huga eru ekki einungis búin til ný „módel“, heldur eru vörurnar gerðar veiklulegri og erfðari í viðhaldi og viðgerðum. Ef þau heimilistæki, og þær bifreiðar, sem nú eru framleidd hefðu sama endingartíma og þau sem framleidd voru 1950 (þ.e. 15 ár), (en samkvæmt rannsóknnum Vance Packard þarf það ekki að hafa í för með sér verðhækkunar, þá væri hægt að fullnægja þörfum allra án nokkurrar framleiðsluaukningar — já jafnvel með minnkandi framleiðslu.

Minnkandi þörf neysluvöruiðnaðarins fyrir vinnuafli stafar því ekki af því að fólk geti ekki keypt það




Algjörlega sjálfvirkur útbúnaður til flokkunar á bögglaþósti í Kaupmannahöfn. Þessi tækjakostur var tekinn í notkun mjög nýlega og er sá fullkomnasti í Evrópu.

sem það þarfnast. Orsökinn er framar öllu sú að þessi iðnaður er að verða sjálfvirkur. Hann þyrfti jafnvel enn minna vinnuaf ef notagildi varanna ykist og endingartíminn lengdist. Í stuttu máli (eins og enski hagfræðingurinn Ezra Mishan var fyrstur til að sýna fram á), framleiðslan hefur þegar náð samfélagslega nauðsynlegu framleiðnistigi. Á langflestum sviðum (samgöngur, lyfjaframleiðsla, matvælaframleiðsla og heimilisbúnaður) fullnægir aukid framboð ekki þörfum á ódýrari og betri hátt. Það þvingar neytandann til aukinna fjárútláta — fyrir fullnægingu þarfa sem hafa tilhneigingu til að minnka. Af þessu leiðir sú skoðun neytendahreyfinganna og ákveðinna hluta verkalyðshreyfingarinnar að hægt sé að framleiða

meiri og betri varning með minni vinnu; hægt er að fullnægja öllum þörfum betur með minni framleiðslu.

„Sú stund er runnin upp þegar mennirnir gera ekki lengur það sem hægt er að gera með véllum“, skrifaði Marx þegar hann boðaði (1857) að kapitalisminn myndi óhjákvæmilega leiða til afnáms vinnunnar — sem aftur yrði kapitalismanum að aldurtíla. Þessi kenning sem Jaques Duboin endurvakti 1932 og „óháðu“ marxistarnir á Ítalíu tóku nýlega fram er orðin samhljóma staðreyndum sem gefa verður gaum. Þess vegna er krafan um afnám (eða samdrátt) þvingaðrar vinnu byltingarkenndari en nokkru sinni. Ef allir væru meðvitaðir um að framleiðslan er ekki lengur vanda-



Frá bögglaþósthöfninni í Kaupmannahöfn, 59 myndavélar fylgjast með umferð böggla. Þessi nýja tækni sparar 130 póstháttarmenn.

málið, heldur aðeins skiptingin, þ.e. jöfn skipting þeirra auðæfa sem framleidd eru og félagslega nauðsynlegrar vinnu til allra þjóðfélagsþegnanna. Hvað yrði um vinnuagann, afkastamóralinn og samkeppnisandann ef allir vissu að tæknilega er mögulegt að lifa stöðugt betra lífi, samtímis því að æ minna er unnið, og að rétturinn til fullra launa þarf ekki lengur að vera eingöngu þeirra sem hafa heilsdagsvinnu?

Til þess að ríkjandi samfélagsform haldi velli er eins gott að halda fólki ómeðvituðu um þessa hluti. Í stað þess að segja landslýð að ekki sé lengur þörf á að vinna svo mikið, er því sagt að „atvinnuleysi sé óhjákvæmilegt“. Í stað þess að segja að fríttíndir verði fleiri er sagt að „atvinnutækifærin verði færri“.

Möguleikar sjálfvirkinnar eru settir fram sem yfirvofandi ógn. Markmiðið er að fá verkafólk til að berjast sameiginlega fyrir annars konar skynsemi framleiðslunnar; að berjast fyrir nýjum markmiðum með henni. Í raun og sannleika er atvinnuleysið ekki aðeins afleiðing af heimskreppunni sem gengin er í garð; það er jafnframt aðferð til að halda uppi hlýðni og aga á vinnustöðunum.

Þegar atvinnuleysið hefur náð ákveðnu stigi verður það tviéggið vopn, sérstaklega gagnvart yngra fólki. Það er staðreynd í Frakklandi í dag. Niðurstöður skoðanakannana Sofres' eru að 62% fullorðinna og 72% ungs fólks (á aldrinum 18—24 ára) gera ráð fyrir að það muni verða atvinnulaust. Í raun og veru hefur samfélagið ekki þörf fyrir það. Bæði verksmiðjur og skrifstofur ráða oft ungt fólk til starfa, aðeins til þess að „veita því vinnu“ og bæta atvinnuleysistölurnar. Þriðji hver þýskur háskólaborgari er atvinnulaus og einn af hverjum fimm í Frakklandi. Það eitt er víst að enginn mun öðlast frama á sínu starfssviði. Vinnan mun um fram allt breytast, verða einfaldari, krefjast minni menntunar eða verða hreinlega afnumin með örtölvutækninni. Allir eru mögulega óþarfir.

Það þarf því engan að undra þótt „afkastamóralinn“ verði að engu. Tveir af hverjum þremur atvinnurekendum halda því fram að í dag sé verkafólk „minna agað“ og „ekki eins samviskusamt“ og áður. Þegar óvíst er hvort menn muni halda vinnunni, hætta þeir að taka hana alvarlega. Mörgu ungu fólki finnst sú vinna þrúgandi sem samfélagið þvingar það til — með það eitt að

markmiði að viðhalda vinnuskipu-
lagi þar sem örfáir forstjórar og yfir-
menn hafa völdin og stjórn þeim
sem lægra eru settir (hierarkiske
struktur) og leynd því að vinnan er
ónauðsynleg í því formi sem verið
hefur hingað til.

Í októberhefti „Reperes“ (Ceres'
tímarit) má lesa undir fyrisögninni
„Vinnufælni“ vitnisburð baráttu-
fúsra verkamanna sem tilheyra
„ábyrgðarlausu kynslóðinni“. Þeir
neita að vinna og beita fyrir sig fælni
af ýmsu tagi. Þeir „detta í það“ og er
andskotans sama þótt yfirmennirnir
aðvari þá“. Eða þeir einfaldlega
mæta ekki til vinnu. „Í mínum aug-
um er fjarvistin tjáningarmáti“, segir
Jean-Luc hjá Peugeot. Að lokum
spyrja höfundar greinarinnar sjálfa
sig „hvort fælnin, hin almenna til-
helvítis-með-þetta-allt-hugsunin og
kæruleysið verði ekki þegar til lengri
tíma er lítið, grundvöllur fjölda-
hreyfingar sem verði þátttakandi í
samfélagsbýlingunni“ eða „gæti
grafið undan og eyðilagt hið kapi-
talíska samfélag, sem þegar riðar til
falls“.

Atvinnuleysið verður á endanum
hætta fyrir samfélagið vegna þeirrar
andstöðu sem það kallar fram gegn
óöruggri og innihaldslausri vinnu.
Þannig má heyra verjendur þessa
samfélags (burt séð frá hvort þeir
teljast til hægri eða vinstri) krefjast
„atvinnutækifæra“ sem markmiðs í
sjálfu sér, óháð því hvaða tilgangi
þau þjóna. Þá gildir einu hvort um er
að ræða hergagnaframleiðslu, lúx-
usvarning, kaupa- og-kasta-varning
eða fyrirtæki sem menga umhverfið
með geislavirkum úrgangi. Öllu er
tækið opnum örmum aðeins ef það
„skapar atvinnutækifæri“.

Nú gildir ekki lengur að vinna til
að framleiða, heldur að framleiða til
að vinna.

Málþipur fólksfjölgunar brýna
beinlínis fyrir okkur að eignast fleiri
börn til að tryggja framleiðslunni
neytendur. Í framhaldi af slíkum
hugsunarhætti kemur stríðshag-
kerfið og sjálft stríðið. Hingað til
hefur það verið eina áhrifaríka leiðin
til að tryggja öllum fulla atvinnu og
halda vélunum gangandi, þegar
framleiðnin er orðin meiri en
neyslugetan.

**Hvað gerðist ef fólk fengi meiri
tíma til að móta eigið líf,
samskipti við aðra og samfélag
sitt, í stað þess að fá meiri
peninga?**

Kenningasmiðir tölvusamfélags-
ins ábyrgjast eftir sem áður að í
framtidinni verði ekki beitt eins sið-
lausum aðferðum við að „skapa at-
vinnutækifæri“. Þær felast í því að
fá launaða sérfræðinga til að fram-
kvæma það sem fólk hefur hingað til
gert upp á eigin spýtur og með eigin
hugmyndaflugi. Heilbrigði, fegurð,
kynlíf, vöggustofur, barnauppleði
o.s.frv. Þetta má allt staðla og færa í
hendur sérfræðinga sem aðstoða
hvern og einn.

Þegar sú „hætta“ verður fyrir-
sjáanleg að sjálfvirknin geri fólk
kleift að ráða meiru um eigin at-
hafnir, verður her sérfræðinga í
hinum nýju þjónustugreinum
kvaddur á vettvang til að ráða fólk
frá því að vera að vasast sjálft í eigin
málefnum. Öllu er hægt að treysta
sérfræðingunum fyrir: þeir eiga að
mata börnin, elda mat, rækta líkam-
ann, sjá um leikfimi, hugga harm-
þrungna og þeim má treysta fyrir
persónulegum vandamálum. Þannig er
hægt að skapa milljónir
atvinnutækifæra og opna áður
óþekkt svið með kaup og sölu fyrir
augum. Sumir fá þannig sérhæft
verkefni til að leysa, en aðrir verða
að óvirkum neytendum þeirrar
þjónustu sem enn aðrir sérfræðing-
ar hafa á höndum.

Er þessi nýja starfsemi framleiðin?
Að sjálfsögdum ekki. Hún dregur úr
sjálfstæði einstaklinga, eykur ein-
angrun þeirra og ósjálfstæði. Eini
tilgangur slíkrar starfsemi er að gera
fyrirbæri að tekjuöflunarleið sem
hingað til hafa ekki verið það — og
tryggja þannig aukna peningaveltu.
Þetta minnr á fræga tilvitnun í
Bertrand de Jouvenels: Tvær
mæður gæta barna hvor annarrar
og greiða fyrir. Í augum hagfræð-
inganna hefur þjóðarframleiðslan
aukist með þessum launagreiðslum
þó þær hafi í raun og veru ekki
framleitt nokkurn skapaðan hlut,
þvert á móti. Mörg svið efnahags-
lífsins í okkar samfélagi einkennast
nú þegar af slíkum viðskiptum. Til
að „fjölga atvinnutækifærum“ er þó
enn verra heitið: hverjum einstak-
lingi er ætluð full vinna í innihalds-
lausu starfi fyrir aðra, til þess að
geta greitt fyrir þá grautfúlu vinnu
sem aðrir vinna fyrir okkur.

En ef allir fengu meiri tíma til að
móta eigið líf og samfélagið í stað-
inn fyrir meiri peninga, yrði fólk þá
ekki almennt ánægðara með hlut-
skipti sitt? Við fengjum minna af
innihaldslausri og þrúgandi vinnu
— og meira af vinnu sem fær okkur
til að tjá okkur betur og dýpka skiln-
ing okkar. Við gætum orðið að „rik-

um einstaklingum“ með fjölbreyti-
lega hæfileika, eins og Marx bendir
á varðandi kommúnískt samfélag —
þar sem „raunverulegur mælikvarði
á ríkidæmið“ er sá tími sem allir geta
ráðstafað sjálfir að eigin geðþótta.

Hvorki innihaldslausar frístundir
vinnandi fólks né tómleg tilvera
aldraðra, heldur frjáls tími til allt
annars konar athafna. Ekki bara at-
vinnuleysi, heldur „skapandi at-
vinnuleysi“ eins og Ivan Illich orðar
það. Um þetta má lesa í bók Guy
Aznar: Höfnum fristundunum, höfn-
um tilveru hinna „öldruðu“. Hann
gengur út frá andstæðunni milli
ópersónulegs starfs sem menn
vinna aðeins launanna vegna, og
þeirrar vinnu sem menn leggja sig
alla fram við, til að ná markmiðum
sem þeir meta mikils sjálfir. Hvers
vegna ekki breytileg „vinnustunda-
tafla“ sem gerir mönnum kleift að
vinna aðeins hálfan vinnudag,
„þrjáfjórðu eða hætta tveim tímum
fyrir daglega“? Eða „vinna annan
hvern dag, aðra hverja viku eða tvo
af hverjum þremur mánuðum“
o.s.frv. Ef til vill vegna þess að
maður þenar ekki nóg þannig? „Ný-
skipan vinnutímans“ er auðvitað
háð því að Frakkar nái því 40%
launaforskoti sem Hollendingar,
Belgar og Þjóðverjar hafa. Og að
fátæki helmingur þjóðarinnar ráði í
framtidinni meira en 20% af þjóðar-
tekjunum eins og nú tíðkast á sama
tíma og 5% hinna ríkustu ráða yfir
meira en 25%.

Ef til vill ber einhver því við að ef
launin verði sambærileg þeim þýsku
eða sænsku muni verkamenn fremur
vilja hækka laun sín heldur en að
minnka vinnu sína? Reynslan sýnir
hið gagnstæða. Í iðnríkjunum eru
20—30% framleiðslunnar unnin af
starfsfólki í hlutastörfum og krafan
um styttingu vinnutímans hefur verið
efst á blaði hjá Renaultverkaðólki í
Billancourt síðan 1969.

Ef til vill heldur einhver því fram að
hlutastarf sé ósamrýmanlegt „raun-
verulegri vinnu“, starfsframa og
vinnumeningunni? Hér er reynslan
einnig önnur: það er einmitt þving-
unin til að vinna einhæf og tilbreyt-
ingarlaus störf (rutinearbejde) allan
daginn sem stendur í vegi fyrir
vinnumeningu. Störfin hafa verið
eyðilögð með visindalegri skipu-
lagningu vinnunnar og þau fáu störf
sem enn krefjast menntunar munu
að mestu hverfa með sjálfvirkninni.
Að minnsta kosti 70% allra starfa
krefjast engrar sérstakrar mennt-
unar — þess í stað gleymist mönnum
það litla sem þeir hafa lært.

Kenning Aznar's (líkt og sú kenn-


ing sem G. Friedman hefur nýlega sett fram) felur í sér að frelsun hvers einstaklings verði best tryggð með því að menn skiptist á að vera í einhæfu störfunum og hinum sem þeir finna einhvern tilgang í. Hún gerir ekki ráð fyrir algeru afnámi einhæfra starfa, heldur aðeins að minnka hlut þeirra í vinnutímanum. Enginn getur verið skapandi í átta tíma á dag, ekki einu sinni fjóra. Tilbreytingin er nauðsynleg og eðlileg.

Þeir sem vinna hluta úr starfi myndu auk þess verða miklu fleiri ef það fólk sem býr í fjölbýlishúsa-hverfunum og þorpunum hefði aðgang að verkstæðum. Þar gæti það sett saman, gert við og jafnvel sjálf framleitt afurðir sem í verksmiðjunum eru framleiddar með óþolandi

smiðjum. Þessi litlu verkstæði væru auk þess laus við stjórnunarkostnað og flutningskostnað stóru verk-smiðjanna. Framleiðandinn og neytandinn nálgast hvorn annan meira en áður; og tapið og sounina sem fylgir miðstýringunni er hægt að minnka.

Við eigum örtölvutækninni að þakka að hinn fjölhæfi verkamaður eða framleiðandi sem Marx dreymdi um, verður þannig að raunhæfum möguleika. Markaðskerfið og ríkisvaldið verður afnumið með því að einstaklingarnir skiptast á ólíkustu störfum, með skapaðu-hlutina-sjálfur-framleiðslu og með samvinnu — en ekki með átælanagerð og for-ræðislegri skipulagningu.

„Manneskjulegt samfélag verður



Frá uppsetningu sjálfvirkar átöppunarvélar í nýju sjálfvirkum brugghúsi í Fredericju í Kaupmannahöfn.

einshæfri og sljógvandi vinnu, af fólk sem neyðist til starfans, mánuð eftir mánuð. Ef þessi verkstæði væru fyrir hendi í íbúðahverfunum, vel búin tækjum, og fólk gæti komið þangað hvenær sem er, gætum við í hverjum mánuði eytt nokkrum tíma í að sauma okkar eigin fót eða smíða húsgögnin okkar og endurbæta þau. Samvinnubúið (Kollektivet) Andret segir í bókinni „Travailler deux heures par jour“ (tveggja tíma vinna á dag), sem full er af hugmyndum: „Á þennan hátt gætum við náð á okkar vald þeim hlutum sem í umhverfi okkar eru“. Auk þess sem við gætum, eins og Guy Aznar hefur bent á, sparað mikinn tíma með því að gera sjálf nauðsynlegustu hlutina í húsin okkar, í stað þess að vinna fyrir launum til að geta keypt tilbúna hluti.

Örtölvunar og tölvu-vélarar gera framleiðslu í smáum verkstæðum raunhæfari en nokkru sinni og jafn framleiðna og í stórum verk-

til með minnkandi áhrifum valdhafanna og á kostnað þeirra verða mennirnir sjálfstæðari. Frá og með deginum í dag og fram til næstu aldamóta munum við þarfnast æ fleiri fyrirtækja þar sem verkafólk starfar aðeins sex mánuði á ári“. Er þetta draumsýn? Nei þetta er spá Michel Albert eins áhrifamesta opinberra átælanasérfræðinga. Þetta er möguleg framtíð.

Spurningin er einfaldlega hvernig hið mögulega verður að veruleika. Eins og ævinlega er það leiðin að markinu sem er vandamálið, en ekki markmiðið sjálft. Þessi leið er f.o.f. háð hæfileikum verkalyðshreyfingarinnar til að fjalla um eðli tækni-framfaranna og skiptingu ávaxta hennar. Það er umfram allt nauðsynlegt að stytta árlegan vinnutíma á efnahagsbandalagssvæðinu. Önnur viðmið eru:

— tekjuöflun. Sérhverjum þegni verður að tryggja lágmarkstekjur með þurftarlaunum eða neikvæðum

skatti, óháð því hvers eðlis vinna hans er.

— Endurskipulagning menntakerfisins, þannig að hætt sé að mennta atvinnuleysingja, en í staðinn séu menntaðir sjálfstæðir einstaklingar sem geta fengist við allra handa starfsemi.

— að komið sé á fót skapaðu-hlutina-sjálfur-framleiðslu með verkstæðum í félagslegri eign, hverfasamvinnufélögum o.s.frv.

Leiðin að markinu byggir m.ö.o. á baráttu á öllum sviðum samfélagsins, þ.e. allt í senn í hinu borgaralega lífi (félögum, fjölskyldum, samvinnufélögum), í verkalyðshreyfingunni, stjórnmálalífinu og gegn ríkisvaldinu. Ein hættan er sú að fólk skorti menningarlegar ferðir til að nýta fristundirnar. Því er nauðsynlegt að leita fleiri valkosta (bæði í skapaðu-hlutina-sjálfur-framleiðslu og almennri þjónustu), sem velja má milli ýmist sem aðalstarfs eða vinnu að eigin áhugamálum í fristundunum.

Meðal tillagna sem þróunarstofnunin í Basel hefur lagt fyrir ríkisstjórnina í Baden-Wurtemberg eru leiðir til orkusparnaðar. Með betri einangrun er hægt að minnka orkuneyslu um allt að helming á heimilunum, skrifstofunum og í verk-smiðjunum. Ef útreikningarnir fyrir Þýskaland eru yfirfærðir á Frakkland krefðust slíkar aðgerðir um það bil 600 milljarða franka í 20 ár sem samsvarar launum 350 000 verkamanna sem vinna fulla vinnu. Fyrir neytendurna (miðað við núverandi verð á olíu) yrði sparnaðurinn um 400 milljarðar. Samfélagið myndi aftur á móti spara félagsleg útgjöld til 350 000 atvinnuleysingja, sem næmu 280 milljörðum franka.

Hvað hindrar slíkar breytingar? Jú, að þær ganga í berhögg við megin driffjaðrir kapitalismans! Breytingarnar hefðu í för með sér að fjárfest væri til að nota — en ekki til að selja meira, heldur til að selja minna. Slíkt fyrirkomulag myndi draga úr hinni gífurlegu markaðs-framleiðslu, í stað þess að auka hana. Með því tæki vinna mannsins sess auðmagnsins og notagildið sess sölugildisins. Grunninum yrði kippt undan kapitalískri auðmagns-upphleðslu á umfangsmestu sviðunum. Því að fristundasamfélagið er í grundvallaratriðum and-kapitalísk fyrirætlun, vinstrisinnuð fyrirætlun — jafnvel þó mikill hluti vinstrimanna sé enn of hefðbundinn í hugsun til að átta sig á því. □

Þytt úr *Vejen til socialismen* nr. 13 1979